

Nd.

433. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

Flm.: Sigurður Einarsson, Jónas Guðmundsson.

1. gr.

Úr 2. gr. laganna falli burt orðin „utan Reykjavíkur“.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að tryggja í félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þau eru eign einstakra manna, féлага eða opinberar eignir. Sömuleiðis er skylt að tryggja í félaginu öll hús utan kaupstaða og kauptúna, nema gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim.

Ákvæði fyrri málslíðs þessarar greinar um vátryggingarskyldu í félaginu nær þó ekki til húseigna í Reykjavíkkaupstað.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er félaginu að taka í eldsvoðaábyrgð öll hús í sveitum, sem ekki falla undir ákvæði 3. greinar, um váttryggingarskyldu í félaginu.

Heimilt er félaginu svo og, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka eldsvoðaábyrgð á húsum í Reykjavík með sérstökum samningi við bæjarstjórn.

Ennfremur er félaginu heimilt að taka í eldsvoðaábyrgð hverskonar lausafé, nema verzlunarvörur í kaupstöðum og kauptúnum.

4. gr.

Önnur málsgrein 7. gr. laganna orðist svo:

	Í kaupstöðum og kauptúnum.		Í sveitum utan kauptúna.	
	Hús.	Lausafé.	Hús.	Lausafé.
1. Steinhús	kr. 20000.00	4000.00	12000.00	4000.00
2. Timburhús eldvarnarkl. —	15000.00	3000.00	10000.00	3000.00
3. Önnur hús	— 10000.00	2000.00	8000.00	2000.00

Þegar aðeins er um lausafjártryggingu að ræða, eða í húsi, sem ekki nær ofangreindu hámarki, má félagið hafa á eigin ábyrgð allt að þrefaldri upphæð á lausafé, þó aldrei hærra en samanlögð upphæð á húsi og lausafé, eins og að framan er greint.

Áhættueining getur hér verið einstakt hús eða fleiri en eitt hús, ef um óaðgreinanlega brunahættu er að ræða.

Greinargerð.

Í þessu frv. felast breytingar aðallega um tvö atriði.

Þegar Brunabótafélag Íslands tók til starfa fyrir nál. tveimur áratugum síðan, var verksvið þess að lögum takmarkað við húseignir í kaupstöðum, nema Reykjavík, og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri.

Síðan hefir verksvið þess um fasteignaváttryggingar verið fært mikið út. Ennþá eru þó ýmsar takmarkanir á um verksvið félagsins, sem hvorki geta talizt nauðsynlegar eða eðlilegar. Þannig er það svo, að eftir lögum félagsins er því ekki heimilt að taka að sér brunaváttryggingar fasteigna í Reykjavík, þó að félagið og bæjarstjórn gætu orðið ásátt um váttryggingarkjörin. Þegar Reykjavíkurbær síðast bauð út samning um brunatryggingu fasteigna, þá leitaði hann meðal annars til B. Í. Félaginu var þýðingarlaust af greindum ástæðum að gera tilboð. Eftir 4 ár mun falla úr gildi samningur sá, sem Reykjavíkurborg hefir nú um brunaváttryggingu fasteigna. Verður að teljast óeðlilegt, að félagið geti þá ekki átt kost á að gera tilboð. Hinsvegar væri það, að öðru jöfnu, ávinningur í öllu tilliti, að brunatryggingar fasteigna í Reykjavík gætu verið innanlands og iðgjöldin að sem mestu leyti haldizt í landinu. Að þessu lýtur önnur breytingin, sem í frv. felst.

Brunatryggingar á fasteignum í landinu eru að miklu leyti orðnar lögbundnar, hinsvegar er brunatrygging á lausafé algerlega frjáls. Eðlilegt væri, að B. Í. væri óhindrað af lögnum um að taka lausafjártryggingar í frjálsri samkeppni

við önnur vátryggingarfélög, sem starfa hér. Lög félagsins leggja viðtækar hömlur á rétt þess til að annast lausafjártryggingar. Þannig meina lögín félaginu að taka allar lausafjártryggingar í kaupstöðum og kauptúnum, nema innanstokksmuni og húslóð, sem húseigendur eiga sjálfir í þeim húsum, sem þeir vátryggja í félaginu. Þessi takmörkun á heimild félagsins til lausafjártrygginga hefir valdið mikilli óánægju í kaupstöðunum og kauptúnunum, sem bundin eru skyldu-tryggingu til félagsins með fasteignir sínar, því fremur, sem iðgjaldtaxti félagsins er lægri en annara félaga, sem starfa þar.

Frv. fer fram á að afnema þessar lagalegu takmarkanir að öðru en því, að félaginu sé ekki heimilt að taka í ábyrgð verzlunarbirgðir í kaupstöðum og kauptúnum. Það er hin aðalbreytingin. Álitamál getur vitanlega verið, hvort ástæða er til að halda þessari takmörkun, en flm. telja það þó varlegra að sinni.